

Ed.

519. Breytingartillaga

[204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður:

- d. Fyrir árslok 1975 skal fjármálaráðherra láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo að hafa megi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþingi.